

Reglur um veitingasölu á dansíþróttamótum DSÍ:

Heimild til að annast veitingasölu á dansíþróttamótum DSÍ hverju sinni fer eftir röð samkvæmt sérstökum lista. Á listanum eru öll aðildarfélög DSÍ sem starfandi eru hverju sinni og bætist við nýtt félag fer það aftast í röðina. Hafni félag rétti sínum til sölu færist það aftur fyrir í röðinni eins og það hefði nýtt rétt sinn.

Listinn skal kynntur í upphafi hvers keppnistímabils og hafi félag ekki staðfest nýtingu réttar fjórum vikum fyrir mót skal líta svo á að félagið hafi þar með hafnað rétti sínum í það sinn, sem færist þá til þess félags sem næst er í röðinni.

Eftirfarandi skyldur fylgja rétti til veitingasölu:

Vinna kvöldið fyrir og á keppnisdögum undir verkstjórn mótanefndar:

1. Flutningur á dúkum, klæði á batta, raflagnaefni, lömpum, mixer, blómum, hátölurum og öðrum hlutum sem nota þarf á mótið frá skrifstofu DSÍ á mótsstað.
2. Flutningur á böttum frá Kópavogi á mótsstað, nema notaðir séu battar úr Laugardalshöll.
3. Raða böttum í kring um keppnisgólf og setja á þá klæði.
4. Sækja borð og stóla og raða þeim upp í kring um keppnisgólf utan við batta.
5. Uppsetning svæðis fyrir keppnisstjórn. Borð og stólar fyrir kynni, tölvuvinnslu, keppnisstjóra og aðstöðu fyrir verðlaunagripi.
6. Setja dúka og lampa á borð.
7. Sækja blóm í Blómaval eða Garðheima til viðbótar þeim sem DSÍ á.
8. Skreyta sal með blómum.
9. Setja upp og leggja á borð fyrir dómara. Nota leirtau sem DSÍ á.
10. Setja upp afspilunarbúnað og prufa spilun tónlistar, sem félagið hefur undirbúið og sér um á mótinu.
11. Á Íslandsmeistaramóti fyrir B-flokka skal nota lög af lagalista sem DSÍ hefur gefið út.
12. Setja upp þjóðfána dómara og Íslands auk DSÍ fána.
13. Leggja til 2-3 starfsmenn til að afhenda dómaramiða.
14. Leggja til eitt par sem fánabera í innmarsi.

Vinna eftir keppni:

1. Flutningur öllum hlutum aftur til skrifstofu DSÍ.
2. Flutningur á böttum frá keppnisstað í Kópavog.
3. Taka niður borð og stóla og raða þeim upp og skila á sama stað.
4. Skila blómum.
5. Hreinsa salinn og skila honum eins og tekið var við honum.